

Greinargerð um fjárhagsáætlun SSNE 2021 og 2022, endurskoðuð í desember 2021

Akureyri, 6 desember 2021

Á fyrra aukapingi SSNE 2021, 1. október sl. var lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir 2021 og 2022. Hér er sett fram skýrsla um framvindu fjárhagsáætlunar 2021 og fjallað um þær breytingar sem líklegar má telja að verði á forsendum fjárhagsáætlunar 2022. Vakín er athygli á því að þegar þessi greinargerð er rituð hafa fjárlög næsta árs ekki verið samþykkt.

Því ber einnig að halda til haga að áætlun í dag tekur mið af niðurstöðu fyrstu 9 mánaða ársins þannig að enn er einhver óvissa varðandi loka niðurstöðu ársins.

Tekjuáætlun SSNE fyrir árið 2021 er óbreytt frá því sem kynnt var í október, u.þ.b. 151,8 m.kr.

Útlit er fyrir að ferðakostnaður vegna verkefna starfsfólks SSNE verði lægri en áætlað hafði verið, verði u.þ.b. hálfri milljón lægri, gróft áætlað. Þessi lækkun skýrist að mestu leyti af minni ferðalögum starfsfólks innan svæðis og utan, vegna Covid 19.

Kostnaður vegna stjórnarfunda og þinga verður lægri en áætlað hafði verið. Það kom fram á októberþinginu að stjórnarfundir yrðu færri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir en gert var ráð fyrir því að desember þing yrði staðarþing. En því hefur nú verið breytt í rafrænt þing og það sparar fjármuni auk þess sem ekki hefur komið til þess að halda þurfi aukafund í stjórn.

Vegagerðin greiddi loksins það sem stóð út af vegna reksturs Strætó á árinu 2019 en sú upphæð losar 5 milljónir. Það hefur þó ekki áhrif á sjóðstreymi þar sem það var tekjufært á árinu 2019. Þrátt fyrir fundi og formleg erindi hefur ekki fengist staðfesting frá Vegagerðinni um að 45 milljón króna skuld vegna vanfjármögnunar almenningssamgangna á árunum þar á undan verði ekki látin falla á landshlutasamtökin. Því miður hefur Vegagerðin ekki svarað erindinu.

Miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir því að hagnaður ársins 2021 verði rúmlega 6 milljónir króna.

Varðandi fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, 2022, þá er fátt í hendi varðandi mögulegar breytingar á þeirri áætlun. Erfitt er að lesa það út úr fjárlagafrumvarpi hvort framlög ríkisins muni hækka, standa í stað eða lækka. Í lok síðustu viku kom þó staðfesting þess að bundið framlag Jöfnunarsjóðs hækkar um 11,6% á milli ára, verður 37,5 milljónir en er 33,6 milljónir á yfirstandandi ári. Framlög sveitarfélaga til SSNE, sem kynnt var á ársþingi í apríl 2021 og aftur á aukapingi í október, verða óbreytt.

Til skoðunar er að skipta um húsnæði á Húsavík sem hafa mun í för með sér tiltekinn upphafskostnað vegna endurnýjunar á búnaði, að hámarki 3 milljónir. Því skal haldið til haga að sú endurnýjun og breyting á aðstöðu, sem hér kemur til, er að hluta til tímabær og mun þurfa að koma til framkvæmda hvar sem starfsstöðin verður. Ef til kemur verður þessi upphafskostnaður tekinn af höfuðstól, ekki rekstri en vegna betri afkomu á yfirstandandi ári, en upphaflega var áætlað, þá er rými fyrir það. Til

upprifjunar þá kemur betri afkoma, miðað við fyrstu áætlun, m.a. til af því að talsverðar breytingar voru í starfsmannahópi SSNE á árinu og bil varð frá því að starfsfólk hætti þangað til nýtt starfsfólk hóf störf. Áætlaður kostnaðarauki í rekstri í nýju húsnæði á Húsavík er áætlaður 500 þúsund á ári miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir.

Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins 2022 verði 3,8 milljónir króna.

Eyþór Björnsson